

Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun

Símafundur haldinn þann 14. apríl 2010 kl. 11:30 – 15:45

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
Böðvar Pétursson
Eiríkur Björn Björgvinsson
Elín Heiða Valsdóttir
Hjalti Þór Vignisson
Magnús Hallgrímsson
Ólöf Ýrr Atladóttir
Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri
Björg Ágústsdóttir, Alta
Árni Geirsson, Alta
Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Fjarverandi: Þórunn Pétursdóttir

Dagskrá:

- Staða og niðurstöður samráðs s.s. við stofnanir og ráðuneyti.
- Yfirlstur stjórnunar- og verndaráætlunar (sogv).
- Tengsl sogv við aðgerðaáætlun.
- Samstarfsaðilar sem grunnur að samráðsáætlun.
- Staða og næstu skref varðandi samráð s.s. við sveitarstjórnir
- Hvað á sogv að heita?
- Tilhögun auglýsingar á sogv?
- Má auglýsa sogv á vefformi með pdfi sem viðhengi?
- Layout
- Önnur mál?

Anna Kristín setti fundinn.

Samráðs- og umsagnaraðilar, staða og næstu skref:

- Árni sagði frá fundi með Vegagerðinni. Vegagerðin mun skila umsögn á næstu dögum varðandi vegalista og stefnu um vegi. Alta fundaði með Matthildi Stefánsdóttur, Stefáni Erlendssyni og Eymundi Runólfssyni í liðinni viku. Magnús lagði til að sett yrði inn í kaflann um samgöngur að Vegagerðin hefði veghald og að vegir innan þjóðgarðsins teljist þjóðvegir. Björg sagði að Vegagerðin muni taka á þessu, beðið hefði verið um það.
- Alta hefur hitt Hafdís Hafliðadóttur aðstoðarskipulagsstjóra á tveimur fundum. Fyrri fundur hjá Skipulagsstofnun (Sk.st.) þar sem sogv var kynnt ásamt tillögu Alta að framsetningu og samspil sogv og skipulagsáætlana. Niðurstaðan var sú að nálgun Alta væri í samræmi við skoðun Sk.st. Á málinu. Síðari fundur hjá Alta 13. apríl sl. þar sem farið var yfir helstu atriði í sogv, landnotkun og fyrirbyggjandi niðurstöður umhverfisráðuneytis á tillögum frá Alta, varðandi tengsl verndaráætlunar og skipulags. Niðurstöður að Sk.st. væri ánægð með tillöguna og nálgun að vinnu auk góðra ábendinga.
- Alta fékk Agnesi Stefánsdóttur og Ingu Sóleyju Kristjónudóttur frá Fornleifavernd ríkisins á fund 5. apríl sl. til að kynna sogv. Umsagnar frá þeim er að vænta í þessari viku.
- Alta fékk Ólaf Jónsson og Birnu Hallsdóttur frá Umhverfisstofnun á fund til samráðs vegna sogv þann 5. apríl sl. Viðbragða er að vænta frá UST í þessari viku.
- Jón Gunnar Ottósson og Trausti Baldursson komu á fund til Alta 8. mars sl. með Þórði, þar sem þeim var kynnt sogv. Þeir töldu samráð fram að því hafa verið ónógt við gerð tillagna að verndaráætlunum með svæðisráðum. Trausti Baldursson las síðan drög að sogv vel yfir og kom á samráðsfund með Alta og Snorra Baldurssyni þann 18. mars sl. með góðar ábendingar. Trausti mun skila öðrum yfirllestri í lok þessarar viku.



- Samráð hefur verið haft við umhverfisráðuneytið vegna túlkunar á lögum og reglugerð þjóðgarðsins um skil á milli sogv og skipulagsáætlaða sveitarfélaga. Ráðuneytið ráðgaðist um málið við UST og Skst. Niðurstaða liggur fyrir og hefur ráðuneytið ritað stjórn þjóðgarðsins bréf þess efnis. Niðurstöður þess bréfs eru í kafla 2.4.
- Óskað verður formlega eftir samráði og tengiliðum við umhverfisráðuneytið nú í vikunni til áframhaldandi samstarfs við gerð sogv. Skoða þarf lagaleg atriði og efnisleg og mikilvægt að ráðuneytið fylgist vel með ferlinu, sé upplýst og vel undirbúið fyrir lokaáfangann og yfirlestur hjá ráðuneytinu, allt fram að undirskrift ráðherra.
- Þórður og Árni kynntu sogv á fundi samvinnunefndar um skipulag miðhálandis Íslands þann 12. apríl sl.
- Þórður, Magnús og Árni munu funda með Ferðaklúbbnum 4x4 í kvöld og kynna sogv fyrir fundarmönnum.

Eiríkur bað um að rætt yrði almennt um samráð. Hann hefur fundið fyrir því að fulltrúar Samtaka útivistarfélaga einkum Skotvís hafa haldið því á lofti að ekkert samráð hefði verið haft við þessi samtök. Einnig hefði verið haldið fram að ekki hefði verið haft samráð við UST.

Þórður sagði frá því að rætt hefði verið við UST og þeir sem þessu hefðu haldið fram þar, hefðu viljað vinda ofan af slíkum sögum. Hvað varðar samtök útivistarfélaga var bent á að þau samtök eigi fulltrúa í svæðisráðum og stjórn og hafi því beinar leiðir ekki bara til að koma sjónarmiðum að heldur til að taka þátt í ákvörðunum um málefni þjóðgarðsins.

Stjórn taldi ekki þörf á því að greina nákvæmlega frá öllum fundum og öðru sem flokkast gæti undið samráð, ekki umfram það sem nú þegar kemur fram í drögum að sogv.

Elín Heiða talaði um að í svæðisráði Vestursvæðis hefði komið upp hugmynd um að haldinn yrði almennur kynningarfundur, líklega í Reykjavík, þegar sogv hefur verið auglýst. Stjórn tók jákvætt í þá hugmynd.

Hvað heitir verndaráætlunin?

Rætt var um heiti á verndaráætluninni, í samræmi við fyrri umræður um að heppilegra væri að heitið hefði víðari skírskotun en löggin greina. Orðið *verndaráætlun* þarf þó að koma fram í heiti áætlunarinnar.

- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs
- Stjórnunar- og verndaráætlun og undirheiti: Náttúruvernd, starfsemi og landnotkun í Vatnajökulsþjóðgarði.
- Stjórnunar- og verndaráætlun og undirheiti: Náttúruvernd, starfsemi og önnur landnotkun í Vatnajökulsþjóðgarði
- Stjórnunar- og verndaráætlun og undirheiti: Starfsemi, náttúruvernd og önnur landnotkun í Vatnajökulsþjóðgarði

Yfirlestur sogv:

- Farið var yfir kafla 1 til 7. Breytingar sem verða gerðar á drögum í framhaldi af þessum fundi, verða auðkenndar og jafngilda þær skráningu á ákvörðunum.
- Ákveðið var að fá góðan prófarkalesara til að lesa yfir, áður en að endanlegri útgáfu kæmi.
- Halldóra hefur samið við Snorra Baldursson um að lesa markmiðskaflann m.t.t. orðalags sem tengist náttúrufræði.
- Björg rýni texta m.t.t. ábyrgðar Vatnajökulsþjóðgarðs á öryggi gesta þ.e. það þarf að vera skýrt hvenær gestir bera sjálfir ábyrgð á eigin öryggi og hvenær ekki. Getur snúið að mörgum þáttum s.a. akstri á vegum, öryggi á gönguleiðum, öryggi mannvirkja, náttúruvá, hæfni leiðsögumanna við erfiðar aðstæður, hjólafolk, reiðmenn, upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu. Vinna þarf öryggisáætlun og koma inná hvernig slíkt er kynnt starfsfólki og gestum þjóðgarðsins.
- Björg skoðar lagagrunn gjaldtökuheimildar Vatnajökulsþjóðgarðs f. sérstaka þjónustu.
- Athygli fundarmanna var vakin á því að eins og stjórnunar- og verndaráætlunin er upp sett, þá er hún einnig „umhverfisstefna“ fyrir þjóðgarðinn þ.e. tekið er m.a. á innra starfi og það samþætt heildarstefnunni. Þórður ræddi um að sogv væri unnin lengra með þessum áherslum, m.a. vegna fjölda ábendinga á samráðsfundi í nóvember og áhuga starfsfólks þjóðgarðsins. Því lægi umhverfisúttekt fyrir úr innra starfi, sem umhverfisstefna sogv byggir á. Þetta er nýnæmi, en í anda þjóðgarðsins og gott dæmi um fyrirmyndarvinnubrögð í umhverfisstarfi sem gera má ráð fyrir að litið verði til.
- Lagt til að stjórnarmenn fari inná samráðsvefinn www.alta.is/vjokull og meti hvort þeim finnst að skilaboð sem fram komu á samráðsfundinum 17. nóvember hafi skilað sér inni sogv eins og þarf, en að því hefur verið unnið.



Samráðsáætlun

- Rætt var um nauðsyn góðrar samráðsáætlunar fyrir þjóðgarðinn, sbr. starfsmarkmið þar að lútandi. Það væri gott tækifæri að taka þann þátt líka lengra á þessum tímavæðing. Áhugavert gæti verið að ljúka greiningu hagsmunaaðila og áætlun um samráð við þá áður en þessari vinnu lýkur m.a. af því að samstarf var títt nefnt á samráðsfundinum í nóvember sl. ECST-vottun leggur einnig áherslu á þetta. Greiningu á hagsmunaaðilum væri hægt að ljúka á fundinum í lok apríl. Hægt er að undirbúa greiningu fyrir fundinn og skoða hvernig skilgreina eigi hagsmunaaðila og ljúka þeirri vinnu svo á fundinum. Björg kemur með hugmynd að formi og hvernig hægt er að standa að þessari greiningu og spyr stjórnarmenn í tölvupósti í næstu viku hverja þeir telji að eigi að setja á samráðslista þjóðgarðsins. Drög að samráðsáætlun verði síðan rædd á næsta stjórnarfundum.

ECST vottun:

- Rætt var um kosti og galla vottana og kostnað við þær m.a. við ECST vottun, en kostnaðartölur varðandi ECST voru ekki við hendina. Fram kom að ECST er einvörðungu vottun fyrir þjóðgarða. Einnig að samstarfsaðilar þjóðgarðsins þyrftu ekki að greiða vottunaraðilum. Rætt var um að kostnaðurinn af vottun væri tiltölulega lágur miðað við ávinning – tölur voru ekki handbærar á staðnum. Nú þegar hefur verið tekið tillit til grunnkrafna ECST-vottunar, við gerð sogv, en þar er m.a. lögð mikil áhersla á samstarf og samráð sbr. umræðuna um samráðsáætlun. Ólöf Ýr taldi að ákjósanlegt væri að sækja um þessa vottun, undirbúningsvinnan myndi nýtast vel, hvað sem af yrði. [Innsk. HH: ekki rætt, en kostnaður m.v. evrugengi 15. 4. 2010 er um 350 þús. fyrir vottun og síðan um 200 þús. árlega]

Tengsl sogv við aðgerðaáætlun:

- Farið var yfir tengsl aðgerðaáætlunar og sogv og hve mikilvægt það sé að fyrir liggja að á grunni sogv verði unnin aðgerðaáætlun. Eðlilegt er að sogv greini skýrt frá þessum tengslum. Ákjósanlegt gæti verið fyrir þjóðgarðinn að kynna helstu áherslur varðandi aðgerðir samhliða sogv, þannig að almenningur og hagsmunaaðilar hafi betri heildarsýn á áherslur stjórnar á næstu misserum. Niðurstaða: Alta kynnir ramma að aðgerðaráætlun á næsta stjórnarfundum til skoðunar.

Hér yfirgaf Elín Heiða fundinn

Tímarás:

- Halldóra fór yfir tímarásina eins og hún lítur út á þessari stundu.
- Samráðsaðilar hafa lofað að koma með viðbrögð í síðasta lagi n.k. föstudag, sem væntanlega mun þó dragast fram í næstu viku.
- Alta útbýr næstu drög til stjórnar og sendir út seinni part dags þann **23. apríl**.
- **Stjórnarfundur (allir mæta á sama stað) verður þann 27. apríl n.k.**, þar sem farið verður yfir landnotkunarkafinn auk annars sem þarf skoðunar við, eftir atvikum.
- Síðan verður gengið frá sogv til auglýsingar fyrir lok þeirrar viku. Rætt var um að halda **stuttan stjórnarfund föstudaginn 30. apríl** til að ganga endanlega frá sogv til samþykktar ef allt gengur að óskum. Fram kom að a.m.k. Eiríkur og Hjalti verða á fundi þennan dag og því óhægt um vik. Rætt var um þann möguleika að hver stjórnarmanna myndi mögulega gefa sína umsögn þ.e. samþykki eða athugasemdir í tölvupósti ef ekki verður unnt að koma við símafundi. Síðan yrði sogv auglýst strax í vikunni á eftir. Niðurstaða sú að Þórður verður í sambandi við stjórn og gengur frá fundartíma.

Staða í samráði við sveitarfélögin:

- Halldóra spurði hvernig svæðisráðsformenn hygðust kynna sogv heima í héraði hjá öllum 8 sveitarstjórnnum meðal annars m.t.t. formlegrar auglýsingar sogv í byrjun maí.
- Hjalti: Vinnufundur var fyrir páska og annar sl. mánudag hjá svæðisráði. Sogv, verður rædd í bæjarráði á fimmtudaginn og á bæjarstjórnarfundum 6. maí.
- Böðvar: Hefur sent tillögu að verndaráætlun Norðursvæðis til sveitarstjórna á Norðursvæði en ekki sogv. Böðvar mun hafa samband við sveitarstjóra á Norðursvæði nú í kjölfarið og kynna þeim sogv, þar sem drögin eru að verða nær endanleg og bera undir þau tilhögun samráðs fyrir auglýsingu.
- Eiríkur: Þriðju drögin fóru í byrjun viku til umhverfis- og héraðsnefndar. Hann mun kynna Fljótsdalshreppi – sogv á morgun, fimmtudag. Þetta fer síðan í bæjarstjórn í næstu viku hjá Fljótsdalshéraði.
- Halldóra heyrir í Elínu Heiðu varðandi samráð á Vestursvæði.
- Svæðisráðsformenn haldi Halldóru upplýstri um gang mála.



Auglýsing á sogv:

- Rætt var um formlega auglýsingu á sogv. Halldóra lagði til að það yrði gert á sama hátt og þegar skipulagsáætlanir eru auglýstar. Einnig að sogv yrði sett fram á vefformi til auglýsingar, eins og vinnuvefurinn lítur út núna. Þar inni væri pdf afrit af vefnum í viðhengi fyrir þá sem vilja prenta hann út. Vefurinn yrði síðan tengdur inná vef Vatnajökulsþjóðgarðs með hnappi þ.a. vísað yrði á þann vef til yfirlstrar. Sjá nánar mögulega tilhögun t.d. www.akureyri.is/midbaer Nst. Þetta var samþykkt.

Layout:

- Rætt var um grafíska hönnun og uppsetningu á stjórnunar- og verndaráætlun. Hún þarf að vera klárt þegar ráðherra skrifar undir. Niðurstaðan sú að framkvæmdastjóra var falið að leita að góðum hönnuði til að setja plaggið upp. Plaggið yrði hannað í maí á meðan sogv er auglýst.

Næsti fundur stjórnar, þann 27. apríl í Ásbyrgi. Alta sendir lokadrög til stjórnar í lok dags föstudaginn 23. apríl nk.

Fundi slitið.

Fundarritarar Björg, Árni og Halldóra

[Ath. eftirfarandi umræða fór fram eftir að fundi var formlega slitið með Önnu Kristínu, Böðvari, Þórði, Magnúsi, Björgu, Árna og Halldóru um skála innan þjóðgarðsmarka í nútíð og framtíð. Böðvar vakti máls á hvernig skilmála ætti að setja á einkaskála í þjóðgarðinum (sumarbústaði í raun), sbr. skála við Sylgjufell. Þessir skálar geta gengið kaupum og solum. Það þurfi að vera samræmi í þessari umfjöllun og ákveða hvernig aðkoma almennings eigi að vera að þessum húsum. Vill þjóðgarðurinn styðja við eða sporna við skálum í einkaeign? Fram kom að Jöklarannsóknarfélagið leigir gistirými í sínum skálum. Er þetta virkur hluti af þjónustu innan þjóðgarðsins? Árni benti á að fyrir meginreglu væri gott að hafa stækkun þjóðgarðsins í huga. Hann kom einnig inná mögulegan forkaupsrétt að einkaskálum í landi þjóðgarðsins, það þyrfti að hafa í huga við lagabreytingu. Hjá Böðvari kom fram að þeir Hjörleifur hefðu talsvert rætt um þessi mál og hefði hann beðið Hjörleif um að leggja fram tillögu að orðalagi í þessum efnunum. Björg benti á mikilvægi samræmingar fyrir þjóðgarðinn allan og að þetta sé lagalega helt. Einnig þurfi að kanna hvernig leyfið er fyrir skálann við Sylgjufell sem er í Ásahreppi. Anna Kristín benti á að atvinnustarfsemi sé í sumum þessara einkaskála.

Björg spurði: snýst þetta um hvernig á að fara með þessi tilteknu hús eða hvernig stefnan á að vera almennt? þetta snýst um hvorutveggja. Hvernig skal bregðast við óskum um skála í framtíðinni. Björg sagði þá að það sem þyrfti að skoða varðandi eldri húsin eru þær leyfisveitingar sem liggja að baki hverri byggingu, hver hafi gefið út leyfin (sveitarfélögin) og hvers eðlis þau eru. Eru stöðuleyfi / lóðarsamningar t.d. tímabundnir?

Árni lagði áherslu á að svara þurfi almennu reglunni áður en við svörum undantekningum.

Niðurstaðan var sú að setja þurfi upp meginreglu um hvernig eigi að afgreiða nýjar beiðnir í þessa veru. Skoða þarf hvern og einn samning að baki byggingum sem fyrir eru nú og hvernig skilmálar þeirra hljóða. Ef ætlunin er að breyta þeim er eðlilegt að ætla einhvern aðlögunartíma til þess. Ákveðið að Böðvar ræði við Elínu Heiðu og komi með tillögu að nálgun.]

